

Um Skipulagsvefsjá

Velkomin í Skipulagsvefsjá Skipulagsstofnunar. Hér er hægt að nálgast skipulagsáætlanir sem eru í gildi samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 og skipulagslögum nr. 123/2010 og varðveittar eru hjá Skipulagsstofnun. Það á við um svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag og breytingar á þessum áætlunum.

Fyrirvarar

Ef misræmi er á milli undirritaðra skipulagsgagna sem eru varðveitt hjá Skipulagsstofnun og gagna sem birt eru í Skipulagsvefsjónni, þá gilda undirrituðu gögnin.

Ef deiliskipulagsgögn birtast ekki undir svæðisafmörkun getur það skýrst af því að beðið er eftir gildistöku deiliskipulagsins, beðið er eftir lagfærðum gögnum frá sveitarfélaginu eða að mistök hafa verið gerð við innsetningu gagna. Hægt er að hafa samband við Skipulagsstofnun eða viðkomandi sveitarfélag til að fá nánari upplýsingar.

Í Skipulagsvefsjónni er einnig töluvert af deiliskipulagsáætlunum samkvæmt eldri lögum um skipulagsmál en þar er ekki um tæmandi skráningu að ræða. Þá getur vantað deiliskipulagsáætlanir sem eru í vörslu stofnunarinnar en ekki liggur ljóst fyrir hvort hafi öðlast gildi.

Gerður er fyrirvari um nákvæmni afmarkana deiliskipulagsáætlana.